

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Starfsgreinasamband Íslands
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar á kjarasamningi aðila

Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 2011 kveður á um endurskoðun í ljósi endurskoðunar samninga á almennum vinnumarkaði í janúar 2013. Aðilar almenna vinnumarkaðarins urðu ásáttir um breytingar á sínum samningum 21. janúar sl. og aðilar þessa samnings eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á sínum samningi.

1. grein

Orðalag 1. gr. samkomulags frá 1. júní 2011 verði svohljóðandi:

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2011 til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir, sbr. 3.gr. samkomulags aðila frá 1. júní 2011:

- 1.6.2011: 4,25% eða að lágmarki 12.000 kr.
- 1.3.2012: 3,50% eða að lágmarki 11.000 kr.
- 1.3.2013: 3,25% eða að lágmarki 11.000 kr.
- 1.1.2014: Eingreiðsla 38.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í nóvember 2013. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

Við næstu samningsgerð verði sú útfærsla 0,1% iðgjalds til mennta- og fræðslusjóða, sem aðilar hins almenna vinnumarkaðar hafa náð niðurstöðu um metin sjálfstætt og ákveðið hvernig þetta framlag verður nýtt og til hvaða sjóða það rennur.

Þess utan eru aðilar sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að bættum vinnubrögðum við samningsgerð.

Aðilar eru sammála um að vinna áfram að þeim málum sem fram koma í bókunum og fylgiskjölum sem gerðar voru í síðustu kjarasamningum.

Reykjavík, 19. febrúar 2013

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Starfsgreinasambands Íslands